

Tillaga samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál fyrir háskólaráð vegna skiptingar starfsskyldna aðjúnkta 1, lektora og dósentar milli starfsþátta

Árið 2001 ákvað háskólaráð samhliða miðlægum kjarasamningi stjórnvalda við Félag háskólakennara að starfsskyldur lektora og dósentar í hálfu starfi eða meira skiptust almennt í 51% kennslu, 43% rannsóknir og 6% stjórnun. Eftir það hafa starfsskyldurnar tekið nokkrum breytingum. Nú eru starfsskyldur lektora og dósentar í hálfu starfi eða meira skilgreindar sem 50% kennsla og 50% rannsóknir, lektorar og dósentar í minna en hálfu starfi eru með 74% kennsluskyldu og 26% rannsóknaskyldu. Aðjúnktar 1 í 50% starfi eða meira eru með 67% kennsluskyldu en 33% rannsóknaskyldu. Stjórnunarhluti starfanna fellur innan þessarar skiptingar en er ekki sérgreindur. Þessu til viðbótar hefur kennsluskylda lækkað fyrir skilgreind stjórnunarstörf, sbr. nánar gildandi reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands nr. 605/2006.

Að undangengnum viðræðum við Félag háskólakennara gerir samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál tillögu um breytingar á starfsskyldum fastra kennara í Félagi háskólakennara þannig að þær verði eftirfarandi:

1. Starfsskyldur lektora og dósentar í hálfu starfi eða meira skiptist almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
2. Starfsskyldur lektora og dósentar í minna en hálfu starfi skiptist almennt í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
3. Starfsskyldur lektora og dósentar í 20% eða minna starfshlutfalli eru samkomulagsatriði á viðkomandi fræðasviði.
4. Starfsskyldur aðjúnkta 1 skiptist almennt í 65% kennslu, 31% rannsóknir og 4% stjórnun.

Tillagan er sett fram nú þar sem í kjarasamningum Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla við fjármála- og efnahagsráðuneyti og samhliða vinnu við breytingar á stofnanasamningi félaganna við Háskóla Íslands var tekin upp sameiginleg launatafla fyrir akademískt ráðna starfsmenn og aðjúnkta 1. Sú nýbreytni fylgir launatöflunni að framvegis munu áunnin stig fyrir kennslu og önnur störf en rannsóknir ákvarða launaprep viðkomandi.

Við breytinguna, sem áætlað er að taki gildi 1. janúar 2016, þykir rétt að samræma starfsskyldur akademískt ráðinna kennara við Háskóla Íslands til einföldunar.

Með fylgir texti reglna nr. 605/2006 með auðkenndum tillögum að breytingum.